

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78/1975 og lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er reglugerð nr. 179 29. mars 1983 um sama efni felld úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 23. mars 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 145/1982 um launaskatt, sbr. reglugerð
nr. 187/1983 um breyting á henni.**

1. gr.

2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 187/1983, orðist svo:
Þeim gjaldendum sem eigi greiða hærra laun að meðaltali til annarra á mánuði en 41 000 kr. á uppgjörstímabilinu er þó heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu á gjalddaga þess uppgjörstímabils þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 410 000 kr. en eftir það á hverjum gjalddaga vegna þess árs. Ef greidd vinnulaun til annarra ná eigi 410 000 kr. á árinu er gjaldanda heimilt að skila greinargerð ásamt greiðslu einu sinni á ári eins og um uppgjör fyrir mánuðina nóvember og desember væri að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 14 15 mars 1965 um launaskatt með áorðnum breytingum, sbr. heimild í 3. mgr. 3. gr. nefndra laga, öðlast þegar gildi og kemur í fyrsta sinn til framkvæmda við greiðslu launaskatts fyrir fyrsta uppgjörstímabil 1984, sbr. 1. mgr. 3. gr. nefndra laga.

Fjármálaráðuneytið, 27. mars 1984.

F. h. r.
Höskuldur Jónsson.

Árni Kolbeinsson.